



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019070005

1. júlí 2019

### **Auðarstræti og Bollagata, bann við því að leggja**

Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við austurkant Auðarstrætis og við norðurkant Bollagötu frá Auðarstræti að Gunnarsbraut. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Götturnar eru um 6m breiðar með einstefnu. Þær rúma því aðeins að lagt sé öðru megin. Til að tryggja aðgengi neyðarumferðar, sorplosunnar og annarrar þjónustuumferðar er lagt til að merkt sé að óheimilt sé að vinstramegin í götunni en það er nú þegar óheimilt skv. umferðarlögum sem segja að aðeins megi leggja hægra megin nema að annað sé merkt sérstaklega. Nauðsynlegt er að merkja bannið til að einfalda framfylgd þess. Óheimilt er skv. umferðarlögum að leggja upp á gangstétt.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja þar sem merkt er með rauðu. ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is), LUKR/Samsýn)



Mynd 2 Lagt er til að merkt verði að óheimilt sé að leggja þar sem merkt með rauðu. ([www.ja.is](http://www.ja.is))